

4. fundur umhverfisnefndar Heiðarskóla

1. mars 2021 kl 12:50

Mættir: Aron Sölvi, Valey Rún, Eiríkur, Haraldur Magnús, Matthildur, Beníta, Ísar, Hafþór, Stefanía, Sigga Vill, Helena, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Farið yfir hvað gert var á stígunum v. rafmagnslausu dagsins. Á yngsta stigi var ljóslaus morgunn og unnin verkefni á stöðvum með rafmagn og segulkraft. Á miðstigi var ljóslaus morgunn, notuð höfuðljós og spilað. Á unglingastigi var ljóslaus morgunn.
- Umræða um hvaðan rafmagnið kemur á Íslandi. Rafmagnsframleiðsla á Íslandi er svokölluð græn orka t.d. úr gufu og vatnsfallsvirkjunum. Við höfum möguleika á að búa til rafmagn með fleiri aðferðum s.s. með sólar- og vindorku.
- Matarvigtun. Talað var um að hafa matarvigtun aftur í mars þar sem þeir náðu ekki að taka þátt í haust. Umræða um hvernig við ættum að standa að vigtuninni t.d. stig, bekkur eða skólinn í heild. Niðurstaða að vigtað verður fyrir hvern bekk og síðan skólinn í heild á eftir. Vikuna 15. – 19. mars verður matarvigtun.
- Pappírsendurvinnsla. Það þarf að gera átak í endurvinnslumálum í skólanum, passa uppá hvað fer í endurvinnslu og hvað fer í almennt sorp. Einnig þarf að koma losunarmálum í betri farveg, það gleymist að tæma tunnurnar og pappír fer að flæða út úr þeim. Einnig þarf að passa vel uppá að ekki fari almennt sorp í flokkunartunnur. Þarf að gera átak í að merkja tunnur betur og kynna fyrir nemendum hvað má fara í hvaða tunnur.
- Rætt um umgengnismál á klósettum þar sem pappír liggur ónotaður á gólfi, muna að taka bara 1-2 pappíra í hvert sinn.
- Umhverfisdagurinn er í apríl og rætt um hvað við gerum þann dag. Oft höfum við verið í skólanum, tekið til á skólalóðinni og haft ráðstefnur, fengið fyrirlesara. Einu sinni fór skólinn í fjöruhreinsun í Grunnafjörð í samstarfi við Hvalfjarðarsveit. Samþykkt að fara aftur í fjöruhreinsun á umhverfisdaginn.

Fundi slitið 13:25